

Fundargerð 15. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 laugardaginn 23. júní 2018

Mættir: Hörður J. Oddfríðarson formaður, Björn Sigurðsson gjaldkeri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Elsa María Guðmundsdóttir, Hilmar Örn Jónasson og Emil Örn Harðarson mótastjóri

Afboða, mæta ekki: Jón Hjaltason varaformaður, Jóna Margrét Ólafsdóttir ritari, Eva Hannesdóttir, Margrét Gauja Magnúsdóttir, Hrafnhildur Lúthersdóttir, Helga Sigurðardóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri

Fundur settur á veitingastaðnum La Veta e Bella á Akureyri kl. 12:55

1. Staða verkefna frá síðustu stjórnarfundum

- a. 14. Fundur 16/5 2018
 - i. Leitað upplýsinga frá tryggingarfélögum vegna slysa sundfólks og fylgdarfólks í verkefnum – formaður er enn að safna gögnum – HJO
- b. 13. fundur 21/4 2018
 - i. Unnið að því að finna hentuga dagsetningu til að afhenda heiðursviðurkenningar – HJO
- c. 12. fundur 19/3 2018
 - i. Fréttabréf FINA og LEN á heimasíðu er í vinnslu – EÖH (beðið eftir viðbrögðum frá Advania)
 - ii. Fundur með Landsliðsnefnd SSÍ verður innan tíðar- HJO/BS/HÖJ
- d. 10. fundur 11/1 2018
 - i. Tillaga um samræmdan texta í reglum SSÍ vegna staðfestingu meta er enn í vinnslu – HJO, HÖJ og EÖH munu hittast nk fimmtudag og hefja vinnuna á ný

2. Fundargerðir og skýrslur

- a. Verkefnafundir starfsfólks síðustu vikur hafa ekki verið skráðir, en þeir hafa að mestu farið í skipulagningu AMÍ, formanna- og þjálfarafundar og næsta sundtímabils
- b. Engar fundargerðir hafa borist frá nefndum
- c. Formanna- þjálfarafundur 14. júní 2018. Formaður og gjaldkeri fara yfir fundinn munnlega

Umræður

- d. NSF þingi framhaldið 1. júní 2018 í Búdapest. Formaður og gjaldkeri gera grein fyrir niðurstöðu þingsins munnlega og senda skriflega skýrslu til stjórnar síðar

Umræður

- e. LEN þing í Búdapest 2. júní 2018. Formaður og gjaldkeri gera grein fyrir niðurstöðu þingsins munnlega og senda skriflega skýrslu til stjórnar síðar

Umræður

- f. Evrópuverkefni – umsókn sem þátttakandi í verkefni með Portúgalska sundsambandinu. Möguleiki að slíkt verkefni geti fjármagnað uppbyggingu landsliða að hluta

3. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	Dags. mótt.	Tekur gildi
Sigurður Örn Ragnarsson	Sf. Ægir	SH	22.06.2018	22.07.2018
Guðrún Lilja Kristmannsdóttir	Sf. Ægir	Sd. Fjölnis	24.06.2018	24.07.2018
Amalía Nanna Júlíusdóttir	Sf. Rán	Sf. Óðinn	24.06.2018	24.07.2018
Agnes Fjóra Flosadóttir	Sf. Rán	Sf. Óðinn	24.06.2018	24.07.2018
Kristinn Þórarinsson	Sf. Ægir	Sd. Fjölnis	01.07.2018	31.07.2018
Kristján Gylfi Þórisson	Sf. Ægir	Sd. Fjölnis	01.07.2018	31.07.2018

Fundargerð 15. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 laugardaginn 23. júní 2018

4. Staðfesting meta

Stjórn felur mótastjóra að færa inn í fundargerð met frá AMÍ 2018 ef einhver eru og upplýsa stjórn í netpósti

25m laug

Sveina

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
200m fjórsund	Birnir Freyr Hálfánarson	SH	2:29,31	23.06.18	Akureyri

50m laug

Sveina

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m flugsund	Pröstur Ingi Gunnsteinsson	ÍBR	32,64	10.06.18	Hamar

5. Aðsend erindi

Dags	Efni	Sendandi
31.05.2018	Ríó 2016 – Styrkir Ólympíusamhjalparinnar	ÍSÍ/as

6. Viðmið og lágmörk sundársins 2018 - 2019

a. Vinnuskjal lagt fyrir

i. Farið yfir viðmið og lágmörk sem fyrir liggja

Stjórn staðfestir lágmörk sem fyrir liggja með fyrirvara um að þjálfaranefnd leggi blessun sína yfir þau

ii. HM 25 er ekki á áætlun SSÍ að sinni – lögð er áhersla á undirbúning fyrir Ólympíuleikana í Tokyo 2020

Stjórn staðfestir formið og hugmyndafræðina sem fyrir liggur og felur formanni og framkvæmdastjóra að ljúka bæklingnum og gefa hann út fyrir mánaðamót júní – júlí 2018

7. Atburðadagatal

a. Tillaga um Atburðadagatal SSÍ

- 2018 – 2019

Staðfest á ný með sama fyrirvara og áður um staðsetningar og dagsetningar erl. móta

- 2019 – 2020

Staðfest á ný með sama fyrirvara og áður um staðsetningar SSÍ móta og dagsetningar og staðsetningar erlendra móta

8. Starfsmannamál

a. Formaður og gjaldkeri lýsa þeirri vinnu sem fram hefur farið varðandi ráðningu verkefnastjóra við uppbyggingu landsliða

Stjórn felur formanni og gjaldkera að halda áfram þeirri vinnu sem þegar hafin í samvinnu við starfsfólk SSÍ og leita síðan samþykkis stjórnar

9. Sumarleyfi stjórnar

- Stjórn samþykkir að fela formanni, gjaldkera og framkvæmdastjóra að sinna daglegum rekstri SSÍ fram að næsta stjórnarfundum sem áætlaður er 23. ágúst 2018
- Ef brýna nauðsyn ber til er hægt að afgreiða mál með rafpósti innan stjórnar

Staðfest

10. Önnur mál

- AMÍ

Fundargerð 15. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 laugardaginn 23. júní 2018

- Gangur mótsins
 - 16 félög – 280 keppendur
- Lokahóf – hlutverk stjórnar
 - Stjórnarmenn Hörður, Elsa, Bjarney og Björn verða á staðnum ásamt mótastjóra, til að ljúka verðlaunaafhendingu og afhenda aðrar viðurkenningar
 - Aldursflokkaverðlaun verða gjafabréf keypt af Speedo – aðalstyrktaraðila SSÍ

Staðfest

- b. Lagt til að Unnur Sædís Jónsdóttir sjúkrahjálfari landsliða SSÍ verði send á ráðstefnu IOC – Alþjóðaólympíunefndarinnar (sjá <http://www.ioc-preventionconference.org/atpc2018/>) á vegum SSÍ. Formanni og framkvæmdastjóra falið að athuga með stuðning ÍSÍ við slíkt.

Greinargerð: Það er okkur mikilvægt að þeir einstaklingar sem við höfum ráðið til að styðja við keppnisfólkið okkar í ferðum geti fengið endurmenntun og fræðslu við hæfi. Við fáum fjármuni frá Afrekssjóði sem eru eyrnamerkir í þetta og hugsanlega getum við fengið styrk úr Verkefnasjóði ÍSÍ. Þá er einnig mikilvægt að við séum sýnileg með okkar fólk í alþjóðlegu samstarfi

Staðfest

- c. Formanni, gjaldkera og framkvæmdastjóra falið að gera samninga við Anton Svein Mckee, Bryndísi Rún Hansen og Eygló Ósk Gústafsdóttur til að tryggja að fjármunir frá Afrekssjóði ÍSÍ og Ólympíusamhjálpinni nýtist sem best í þeirra verkefni og samræmist áætlunum þeirra. Sömu aðilum verði falið að fara yfir stöðu annarra sundmanna og gera samninga við þá um styrki frá SSÍ eftir því sem efni standa til. Nota skal ramma Afrekssviðs ÍSÍ við samningagerðina og tekið tillit til sérstöðu einstaklinga og íþróttarinnar.

Greinargerð: Samkvæmt skilyrðum Afrekssjóðs ber okkur að gera slíka samninga við það íþróttafólk á okkar vegum sem nýtur á einhvern hátt beinna styrkja frá SSÍ þar sem fjármunir frá Afrekssjóði eru notaðir. Einhvers staðar verður að byrja og það er nauðsynlegt að þetta verði í föstum skorðum og eftir stöðluðu formi, en slíkt form er til hjá Afrekssviði ÍSÍ.

Staðfest

- d. Framkvæmdastjóra SSÍ falið að ganga frá umsókn um alþjóðlega dómara og ræsa á lista #20. Stuðst skal við tillögu Dómaranefndar.

Greinargerð: Okkur er mikilvægt að fylla möguleg sæti á dómara/ræsa listum FINA til að geta haldið hér á landi, alþjóðleg mót sem viðurkennd eru af LEN og FINA þannig að íslenskir keppendur geti náð lágmarkum á FINA og LEN mót hér á landi. Okkur er líka mikilvægt að vera sýnileg í alþjóðlegu starfi hvort sem er í NSF, LEN eða FINA. Dómaranefnd hefur sent stjórn SSÍ nöfn fimm einstaklinga sem sækjast eftir að komast á lista #20 hjá FINA.

Staðfest

- e. Stjórn SSÍ samþykkir að miða innheimtu þjónustugjalda við 7 ára aldurslágmark. Áfram verða þjónustugjöld innheimt samkvæmt ákvörðun Sundþings.

Greinargerð: Tvisvar á ári lendir starfsfólk SSÍ í vandræðum vegna þess að félög skrá mismunandi í Felix, félagakerfi íþróttahreyfingarinnar. Þar munar mestu um þegar skráðir eru einstaklingar sem eingöngu sækja sundskóla hjá viðkomandi félagi en eru ekki iðkenndur að öðru leyti. Það er á hinn bóginn mjög mikilvægt að allir sem sækja þjónustu frá félögum séu skráðir inn í Felix því það afmarkar að hluta til þær tekjur sem SSÍ fær frá ÍSÍ. Því er lagt til að við setjum aldurslágmark á þjónustugjöldin þannig að miðað verði við að gjöld séu tekin af sundiðkenndum sem eru 7 ára eða

Fundargerð 15. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 laugardaginn 23. júní 2018

eldri, því allar líkur eru á því að þeir sem yngri eru séu fyrst og fremst að læra að synda. Þetta myndi auðvelda innheimtu þjónustugjalda mjög mikið

Staðfest

- f. Í ljósi umræðu innan sundhreyfingarinnar hér á landi og erlendis um að yngri keppndur (14 ára og yngri) byrji of snemma að nota þar til gerðan keppnisfatnað þó þess sé ekki þörf. Þau sjónarmið, að keppnissundfatnaðurinn sé dýr og geti stuðlað að félagslegu misvægi innan hópsins og gefi ekki þann árangur sem vænst er hjá yngra sundfólki, eru hávær. Stjórn SSÍ hvetur sundfélög innan sinna vébanda, eindregið til að setja sér stefnu í notkun keppnissundfatnaðar hjá börnum yngri en 14 ára. Þá hvetur SSÍ, félög til að fræða foreldra barna yngri en 14 ára, um keppnissundfatnað og þörf á honum.

Framkvæmdastjóra falið að senda ályktunina á formenn og þjálfara félaga innan SSÍ

- g. Heiðursmerki
- Tillaga formanns um að veita Eiríki Birni Björgvinssyni fyrrverandi bæjarstjóra á Akureyri silfurmerki SSÍ
 - Tillaga formanns um að veita Gunnari Eiríkssyni fyrrverandi formanni Sf. Óðins gullmerki SSÍ

Staðfest

Fundi slitið kl. 14:30